

Fundur fagdeildar og fagráðs Leiðsagnar, stéttarfélags leiðsögumanna 12.5.2021.

Viðstaddir: F.h. fagráðs; Indriði H. Þorláksson og Jakob S. Jónsson. F.h. fagdeildar; Jens Ruminy, Kristín Waage og Steinunn Harðardóttir. Jónas Sigurðsson og Vilborg Anna Björnsdóttir í fagdeild höfðu boðað forföll.

Fyrir fundarmönnum lá að ræða verkaskiptingu fagdeildar og fagráðs svo öllum væri ljóst hver vettvangur þeirra væri og tryggja með því að allir endar væru hnýttir, ekkert verkefni gleymdist.

Í upphafi fundar greindi Jakob frá því að skýrsla starfshóps ferðamálaráðuneytis um menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna væri væntanleg þá um daginn og myndu hann og Pétur Gauti væntanlega fara á fund ferðamálaráðherra eftir tvær vikur til að ræða skýrsluna. Skömmu eftir fund fagdeildar og fagráðs kom í ljós staðreyndarvilla í skýrslunni, sem verið er að vinda ofan af, en þetta leiðir til þess að það tefst um einhverja daga að skýrslan fari til ráðherra. Þar sem dróst um nokkra daga að skrifa fundargerð þessa er rétt að greina frá þessari breytingu.

Jakob greindi einnig frá því að það stýttist vonandi í að tekinn verði í notkun staðallinn ÍST EN 15565<.2008 með viðbót, sem verði grunnur að almennu leiðsögunámi. SAF og Leiðsögn, félag leiðsögumanna eru einhuga um að bæta nám leiðsögumanna enda er það mikilvægt að fagaðilar séu sammála um grundvöll menntunar þeirra. Staðallinn lýtur að almennu leiðsögunámi. Fundarmenn voru sammála um að brýnt væri að starfsgreinaráð Menntastofnunar gerði starfslýsingu fyrir allar gerðir leiðsagnar. Þá töldu fundarmenn nauðsynlegt að koma á legg samstarfsnefnd Leiðsagnar og SAF til að fylgjast með menntunar- og raunfærnimati.

Að endingu var rætt um nauðsyn þess koma skrá yfir alla leiðsögumenn, sem yrði m.a. hýstur í gagnabanka Ferðamálastofu.

(Afsakaðu smásmyglina, Kristín, en eins og þú veist - og við öll vitum - er margur misskilningurinn á ferðinni um þessi menntunarmál og því finnst mér vissara að beita nákvæmni í þeirri von að við lendum á endanum á sömu blaðsíðunni.)

Eftirfarandi var niðurstaða fundarins varðandi hlutverk fagráðs og fagdeildar.

Hlutverk fagráðs.

Fagráð mun koma staðli leiðsögunáms til menntastofnana en hafa verður hugfast að staðallinn kann að gilda fyrir almennt nauðsynlegt grunn nám. Á grundvelli staðalsins, sem fagráð mun koma til menntastofnana byggist svo raunfærnimat þar sem þeir, sem starfa við leiðsögn geta séð hvar kunnáttu þeirra kunni að vera ábótavant. Fagráð mun framvegis vera tengiliður Leiðsagnar við menntastofnanir.

Hlutverk fagdeildar.

Fagdeild heldur á lofti kostum góðrar þekkingar og fagmennsku. Leiðsögumenn annast fræðslu, landvernd og slysavörn og er brýnt að á öllum sviðum búi þeir yfir góðri þekkingu á

Öllum þessu sviðum samhliða góðrar tungumálakunnáttu, sem uppfylli a.m.k. CMR próf B2 á því máli er leiðsegja skal og menningarlæsi. Það verður hlutverk fagdeildar að skrá einungis þá í fagdeild, sem uppfylla menntunarkröfur samkvæmt framangreindum staðli en jafnframt mun fagdeild leiðbeina og vera þeim innan handar er bæta þurfa við menntun sína til að uppfylla staðalinn.

Kristín Waage